

# Fundargerð stjórnarfundar Náttúrustofu Vesturlands (NSV)

**Haldinn í fundarsal ráðhúss Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar, föstudaginn 28. október 2022, kl. 14.00-15.00.**

Fundinn sátu Halldór Árnason (stjórnarformaður), Hjalti Viðarson (meðstjórnandi), Steinunn I. Magnúsdóttir (meðstjórnandi) og Róbert Arnar Stefánsson (forstöðumaður NSV).

## Skjöl lögð fram á fundinum:

- Helstu verkefni starfsfólks Náttúrustofu Vesturlands, september- október 2022
- Verkefnaáætlun starfsmanna Náttúrustofu Vesturlands, árið 2023
- Fjárhagsáætlun NSV 2022 – endurskoðuð í október 2022
- Fyrstu drög að fjárhagsáætlun Náttúrustofu Vesturlands fyrir 2023
- Drög að samkomulagi um starfsaðstöðu sviðsstjóra Náttúrustofu Vesturlands

## Dagskrá:

1. Starfsemi NSV frá síðasta stjórnarfundum og staða fjármála NSV
2. Fyrstu drög að fjárhagsáætlun og verkefnaskrá fyrir árið 2023
3. Starfsreglur og leiðbeiningar fyrir stjórn og starfsfólk NSV
4. Samkomulag um starfsaðstöðu sviðsstjóra NSV
5. Önnur mál

### 1. Starfsemi NSV frá síðasta stjórnarfundum og staða fjármála NSV

Forstöðumaður fór yfir framlagt yfirlit yfir helstu verkefni starfsfólks NSV frá síðasta stjórnarfundum og framlagða endurskoðaða fjárhagsáætlun NSV fyrir árið 2022.

Afkoma reksturs NSV í ár stefnir í að verða 12,6 m.kr. eða um 11,5 m.kr. betri en gert var ráð fyrir í áætlun. Rekstrartekjur stefna í að verða 1,7 m.kr. hærrí en áætlað var í byrjun árs. Tvö verkefni bættust við frá upphaflegri fjárhagsáætlun. Launakostnaður reynist um 8,6 m.kr. lægri í ár en áætlað var m.a. vegna færri birtinga í fræðirit, lengra fæðingarorlofs starfsmanns, seinkun á ráðningu nýs sérfræðings, ódýrari minka- og selarannsóknna o.fl. Í stofnanasamningi Náttúrustofu Vesturlands er kveðið á um árangurshvetjandi greiðslur til starfsmanna fyrir birtingar vísindagreina en færri fræðigreinar hafa fengist birtar í ár en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Birtingaferli í alþjóðlegum vísindaritum getur verið mjög seinvirkt, og því eðlilegt að seinkun geti orðið á birtingum. Færist því hluti þess kostnaðar sem gert var ráð fyrir á þessu ári yfir á næsta ár.

### 2. Fyrstu drög að fjárhagsáætlun og verkefnaskrá fyrir árið 2023

Forstöðumaður fór yfir framlögð fyrstu drög að fjárhagsáætlun og verkefnaskrá fyrir árið 2023.

Tekjuáætlun næsta árs nemur 61,9 m.kr. sem er 15,4 m.kr. lægri en áætlaðar tekjur í ár.

Ríkisframlagið skv. fjárlagafrumvarpi er 22 m.kr. eða 6,6 m.kr. lægra en í fjárlögum yfirstandandi árs.

Mótframlag bæjarsjóðs nemur 30% af framlagi ríkisins. Aðrir tekjuliðir eru taldir lækka á milli ára.

Gert er ráð fyrir að rekstrarafgangur yfirstandandi árs verði að hluta til notaður til að mæta tekjutapi þannig að ekki þurfi að koma til uppsagna á starfsfólki. Endurmetin fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 verður lögð fram á næsta fundi stjórnar. Eitt af föstum verkefnum NSV eru rannsóknir á

minkastofninum. Forstöðumaður sagði frá því að mikilvægt væri að koma á vöktun minkastofnsins, enda um framandi og ágenga tegund að ræða, sem haft getur neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni og efnahagsleg áhrif, m.a. í æðarvörpum og stangveiði. Náttúrustofan hefur hannað áætlun um slíka vöktun og unnið eftir henni þau tvö ár sem fjármagn fékkst frá ríki til þess, en áframhaldandi vöktun

þarfnast fjármögnunar. Einnig sagði hann frá hugmynd Náttúrustofunnar að verkefni sem hefði það markmið að útrýma mink á landinu, m.a. með bættri vöktun á mink og sameiginlegu átaki yfirvalda (ríkis og sveitarfélaga), minkaveiðimanna, Umhverfisstofnunar og rannsóknaraðila. Sækja mætti um styrki til verkefnisins í erlenda sjóði, m.a. á grundvelli þess að Ísland er eyja sem gerir það auðveldara að ráða niðurlögum minks. Forstöðumanni var falið að útfæra hugmyndina til næsta fundar stjórnar.

### 3. Starfsreglur og leiðbeiningar fyrir stjórn og starfsfólk NSV

Forstöðumaður hefur sent bæjarstjórn starfsreglurnar til umfjöllunar. Þess er vænst að bæjarstjórn ljúki sinni umfjöllun fyrir næsta stjórnarfund þannig að unnt verði að afgreiða þær á næsta stjórnarfund.

### 4. Samkomulag um starfsaðstöðu sviðsstjóra NSV

Lögð voru fram drög að samkomulagi um starfsaðstöðu sviðsstjóra NSV, sbr. ákvörðun frá síðasta fundi stjórnar. Stjórnin samþykkir framlögð drög og heimilar formanni og forstöðumanni að undirrita samkomulagið. Samkomulagið gildir til loka árs 2023 og verður verður endurmetið eigi síðar en 1. október 2023 verði þess óskað.

### 5. Önnur mál

Næsti fundur verður haldinn 17. febrúar 2023 kl. 14. Forstöðumaður mun bóka fundarherbergi.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 15.00. Fundargerð ritaði Halldór Árnason